

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/53/EB

2011/EES/5/48

frá 30. apríl 2008

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2006/88/EB að því er varðar vorveiru í vatnakarpa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2006/88/EB er mælt fyrir um tilteknar reglur um dýraheilbrigði sem gilda um lagareldisdýr og afurðir þeirra. Í þessum reglum er tekið mið af skráningu sjúkdóma sem framandi sjúkdóma eða sjúkdóma, sem eru ekki framandi, í II. hluta IV. viðauka við þá tilskipun ásamt smitnæmum tegundum.
- 2) Í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er vorveira í vatnakarpa í skránni yfir sjúkdóma sem eru ekki framandi.
- 3) Í tengslum við umfjöllun hjá ráði Evrópusambandsins, sem leiddu til þess að tilskipun 2006/88/EB var samþykkt, gaf framkvæmdastjórnin út yfirlýsingu þar sem viðurkenndar eru áhyggjur nokkurra aðildarríkja, sem framleiða vatnakarpa, varðandi afleiðingar þess að láta vorveiru í vatnakarpa falla undir samræmd ákvæði Bandalagsins. Af þeim sökum lýsti framkvæmdastjórnin því yfir, eftir að tilskipun 2006/88/EB tók gildi en áður en beiting hennar hófst, samkvæmt beiðni og á grundvelli rökstuðnings, sem lagður var fyrir hana, að hún myndi endurmeta hvort vorveira í vatnakarpa ætti að vera áfram í skránni í II. hluta IV. viðauka við þá tilskipun. Framkvæmdastjórnin hefur mótttekið beiðni um endurmat frá ýmsum aðildarríkjum.

- 4) Í I. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB eru settar fram viðmiðanir fyrir skráningu sjúkdóma sem framandi sjúkdóma og sjúkdóma sem ekki eru framandi. Í samræmi við viðmiðanir fyrir skráningu sjúkdóma sem ekki eru framandi skal hafa hliðsjón af því hvort sjúkdómurinn geti haft veruleg efnahagsleg áhrif ef hann berst til aðildarríkis, sem er laust við umræddan sjúkdóm, vegna framleiðslutaps og tilheyrandi, árlegs kostnaðar í tengslum við sjúkdóminn og varnir gegn honum sem fer yfir 5% af verðmæti framleiðslu á lagareldisdýrum af smitnæmum tegundum á svæðinu.
- 5) Samkvæmt upplýsingum frá þeim aðildarríkjum, sem framleiða mest af vatnakarpa, er vorveira í vatnakarpa nú þegar landlægur sjúkdómur. Vorveira í vatnakarpa hefur þó ekki valdið stórfelldu tapi innan atvinnugreinarinnar undanfarin 20-25 ár.
- 6) Einnig er rétt að hafa í huga hvort unnt sé að koma við vörnum gegn vorveiru í vatnakarpa á vettvangi aðildarríkjanna og hvort slíkar varnir séu kostnaðarhagkvæmar Vegna stöðunnar í vatna- og sjómælingum og vegna skipulags á vatnakarpaeldi í þeim aðildarríkjum sem framleiða mest af vatnakarpa yrði kostnaðurinn, sem fylgir ráðstöfunum við að uppræta sjúkdóminn, óhóflegur í hlutfalli við efnahagslegan skaða af völdum sjúkdómsins. Á grundvelli upplýsinga, sem hafa nýlega komið fram, virðist vorveira í vatnakarpa ekki uppfylla allar viðmiðanir til færslu á skrá yfir sjúkdóma sem eru ekki framandi í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.
- 7) Þar af leiðandi þykir rétt að fella vorveiru í vatnakarpa brott af skránni yfir sjúkdóma sem ekki eru framandi í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.
- 8) Í 43 gr. tilskipunar 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríki geti gripið til ráðstafana til að koma í veg fyrir að sjúkdómar sem ekki eru skráðir í II. hluta IV. viðauka berist þangað eða til að verjast þeim, þar eð þessir sjúkdómar skapa verulega áhættu fyrir heilbrigði lagareldisdýra eða villtra lagardýra í þessum aðildarríkjum. Þessar ráðstafanir mega ekki fara yfir mörk þess sem er viðeigandi og nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að slíkir sjúkdómar berist eða breiðist út.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

- 9) Samkvæmt 63. gr. tilskipunar 2006/88/EB gildir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/453/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 91/67/EBE að því er varðar ráðstafanir gegn tilteknum sjúkdómum í eldisdýrum ⁽¹⁾ áfram að því er varðar tilskipun 2006/88/EB meðan beðið er eftir að ný ákvæði séu samþykkt í samræmi við 43. gr. þeirrar tilskipunar, sem skal samþykkja eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku tilskipunarinnar.
- 10) Samkvæmt tilskipun ráðsins 2004/453/EB hefur allt yfirráðasvæði Danmerkur, Írlands, Finnlands, Svíþjóðar og Bretlands, í heild eða að hluta, verið lýst laust við vorveiru í vatnakarpa eða það fellur undir varnar- og útrýmingaráætlanir. Þessi aðildarríki geta af þessum sökum krafist viðbótarábyrgða vegna aðflutnings dýrategunda, sem eru næm fyrir vorveiru í vatnakarpa, til þessara yfirráðasvæða.
- 11) Þeim aðildarríkjum, sem geta krafist þess að viðbótarábyrgðir séu fyrir hendi í samræmi við ákvörðun 2004/453/EB, skal vera heimilt að halda áfram að beita ráðstöfunum í samræmi við 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB, þ.m.t. takmarkanir varðandi setningu á markað og innflutning, til þess að verjast vorveiru í vatnakarpa og til að viðhalda sjúkdómsslausri stöðu sinni.
- 12) Því ber að breyta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB til samræmis við það.
- 13) Í tilskipun 2006/88/EB er kveðið á um að aðildarríkin skuli hvert um sig samþykkja eigin ráðstafanir í samræmi við umrædda tilskipun eigi síðar en 1. maí 2008 og beita þessum landsráðstöfunum eigi síðar en 1. ágúst 2008. Til að gefa aðildarríkjum nægan tíma skal samþykkja landsráðstafanir, sem eru í samræmi við tilskipun 2006/88/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, eigi síðar en 1. ágúst 2008 og beita skal landsákvæðunum frá og með 1. ágúst 2008.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. ágúst 2008. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. ágúst 2008.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. apríl 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 5, með leiðréttingum samkvæmt Stjúd. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 4. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/272/EB (Stjúd. ESB L 99, 7.4.2006, bls. 31).

VIÐAUKI

Í stað II. hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„II. HLUTI

Skráðir sjúkdómar

FRAMANDI SJÚKDÓMAR		
	SJÚKDÓMUR	SMITNÆMAR TEGUNDIR
FISKUR	Blóðmyndandi drep, EHN-veiki (Epizootic haematopoietic necrosis)	Regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>) og aborri (<i>Perca fluviatilis</i>)
	Húðsveppadrep (Epizootic ulcerative syndrome)	Ættkvíslir: <i>Catla</i> , <i>Channa</i> , <i>Labeo</i> , <i>Mastacembelus</i> , <i>Mugil</i> , <i>Puntius</i> og <i>Trichogaster</i>
LINDÝR	Sýking af völdum <i>Bonamia exitiosa</i>	<i>Ostrea angasi</i> og <i>O. chilensis</i>
	Sýking af völdum <i>Perkinsus marinus</i>	Rísaostra (<i>Crassostrea gigas</i>) og meyjarostra (<i>C. virginica</i>)
	Sýking af völdum <i>Microcytos mackini</i>	Rísaostra (<i>Crassostrea gigas</i>), meyjarostra (<i>C. virginica</i>), <i>Ostrea conchaphila</i> og <i>O. edulis</i>
KRABBADÝR	Rauðhali (Taura syndrome)	<i>Penaeus setiferus</i> , <i>P. stylirostris</i> og <i>P. vannamei</i>
	Gulhöfðaveiki (Yellowhead disease)	Indíánarækja (<i>Penaeus aztecus</i>), <i>P. duorarum</i> , japansrækja (<i>P. japonicus</i>), tígrisrækja (<i>P. monodon</i>), <i>P. setiferus</i> , <i>P. ° stylirostris</i> og <i>P. vannamei</i>
SJÚKDÓMAR SEM ERU EKKI FRAMANDI		
	SJÚKDÓMAR	SMITNÆMAR TEGUNDIR
FISKUR	Veirublæði (VHS)	Síld (<i>Clupea spp.</i>), tjarnasíld (<i>Coregonus spp.</i>), gedda (<i>Esox lucius</i>), ýsa (<i>Gadus aeglefinus</i>), kyrrahafsporskur (<i>G. macrocephalus</i>), þorskur (<i>G. morhua</i>), kyrrahafslax (<i>Oncorhynchus spp.</i>) regnbogasilungur (<i>O. mykiss</i>), keilubrúðir (<i>Onos mustelus</i>), urriði (<i>Salmo trutta</i>), sandhverfa (<i>Scophthalmus maximus</i>), tannsíld (<i>Sprattus sprattus</i>) og harri (<i>Thymallus thymallus</i>)
	Iðradrep (IHN)	Hundlax (<i>Oncorhynchus keta</i>), silfurlax (<i>O. kisutch</i>), <i>O. masou</i> , regnbogasilungur (<i>O. mykiss</i>), rauðlax (<i>O. nerka</i>), hnúðlax (<i>O. rhodurus</i>) kóngalax (<i>O. tshawytscha</i>) og lax (<i>Salmo salar</i>)
	Skjónakarpaherpesveiki (Koi herpes virus disease)	Vatnakarpi og skjónakarpi (<i>Cyprinus carpio</i>)
	Blóðþorri (ISA)	Regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>), lax (<i>Salmo salar</i>) og urriði (<i>S. trutta</i>).
LINDÝR	Sýking af völdum <i>Marteilia refringens</i>	<i>Ostrea angasi</i> , <i>O. chilensis</i> , <i>O. edulis</i> , <i>O. puelchana</i> , kræklingur (<i>Mytilus edulis</i>) og miðjarðarhafskræklingur (<i>M. galloprovincialis</i>)
	Sýking af völdum <i>Bonamia ostreae</i>	<i>Ostrea angasi</i> , <i>O. chilensis</i> , <i>O. conchaphila</i> , <i>O. denselammellosa</i> , <i>O. edulis</i> og <i>O. puelchana</i> .
KRABBADÝR	Hvítblettaveiki	Öll tífaett krabbadýr (ættbálkurinn Decapoda)**